



FRETTAÞLADIÐ

**ÓLÍKAR** gerðir heimildamynda, handritsuppbygging, undirbúningsvinna fyrir tókur, vinna meðan á tókum standur og eftirvinnsla verða til umfjöllunar á sérstöku námskeiði Farskólans, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, sem hefst 1. október. Nánar á [www.farskolinn.is](http://www.farskolinn.is).

# FALET

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 **Hugi Garðarsson** [hugi@365.is](mailto:hugi@365.is) 512 5447

## SMÁAUGLÝSINGAR

23. september 2008 **ÞRIÐJUDAGUR**



## Auglýsing um skipulag í Kópavogi. Kársnes - vesturhluti.

### Kynningarfundur um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024.



Fyrir hönd Samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins efna bæjaryfirvöld í Kópavogi til kynningarfundar 25. september 2008 um tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu á Kársnesi - vesturhluta.

Á fundi samvinnunefndarinnar 8. september 2008 var samþykkt að heimila Kópavogsbæ að kynna tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin nær til byggðasvæðisins "Kópavogur vestur". Nánar tiltekið nær breytingin til vesturhluta Kársnes og felur í sér að nýr byggingarreitur fyrir blandaða byggð til 2024 verður skilgreindur vestast á nesinu og nær yfir núverandi iðnaðar- og hafnarsvæði og landfyllingar. Auk þess er gert ráð fyrir um 1 ha nýrri landfyllingu, sem skilgreind verður sem opið óbyggt svæði.

Tillagan felur jafnframt í sér breytingar á töflum 3.1 og 3.2 í greinargerð svæðisskipulagsins (um fjölda íbúða og stærð atvinnuhúsnæðis). Heildarfjöldi íbúða í "Kópavogi vestur" verður eftir breytinguna 10.050 í stað 9.250 eða fjölgun um 800 íbúðir og heildarstærð atvinnuhúsnæðis eftir breytinguna verður 613.000 m<sup>2</sup> í stað 623.000 m<sup>2</sup> eða fækkun fermetra í atvinnuhúsnæði um 10.000 í "Kópavogi vestur".

Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla "Kársnes - Vesturhluti. Breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Umhverfisskýrsla" dags. í júlí 2008.

**Breytingartillagan verður kynnt í Kársnesskóla við Vallagerði í Kópavogi, fimmtudaginn 25. september nk. kl. 20.00. Allir velkomnir.**

Skipulagsstjóri Kópavogs